

Ed.

481. Nefndarátt

um frv. til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík (þingskj. 126).

Nefndinni er kunnugt, að bæjarstjórn Reykjavíkur telur þörf á nýjum laga-
fyrirmælum um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, og telur nefndin sjálfsgt, að
Alþingi verði við þeirri ósk bæjarstjórnarinnar.

En oss virðist þetta vandamál, og ekki nógu rækilega úr garði gert, og getum
því ekki mælt með þessu frumvarpi.

Í frv. (2. gr.) er fyrirhuguð 3 manna matsnefnd, og kjósi bæjarstjórn 2, en stjórnarráðið einn. Nú má vel við þetta una, ef meta skal lóð eða land, sem bæjarstjórn selur, því að þá merkir matsgerðin það eitt, að bæjarstjórn megi *ekki* selja eignina *undir* matsverði, en *þurfi* þó *ekki* að selja, nema meira sje í boði, ef henni þykir matsverðið of lágt. En þegar meta skal lóðir eða lönd einstakra manna (8. gr.) í hendur bæjarfjeiaginu, undir götur, torg o. s. frv., þá hæfir ekki vel að bæjarstjórn nefni til 2 af 3 matsmönnum. Vert er líka að íhuga, hvort ekki muni rjett að taka upp í lögum skýr fyrirmæli um yfirmat.

Oss er ljóst, að hjer er um vandamikið trúnaðarstarf að ræða; þess vegna teljum vjer 4 kr. óhæfilega lágt dagkaup. Ef bestu menn eru valdir, þeir, sem hæfastir eru til þessara verka, þá er víst, að þeir skaðast á þeim frátöfum frá atvinnu sinni, ef þeir fá ekki ríflegri laun en þetta, og því hætt við, að þeir mælist undan kosningu, sem lærastir eru, og verði svo að una við aðra, sem minna eiga undir sjer.

Í 7. gr. er bæjarstjórninni ætlað að setja matsreglurnar, án þess krafist sje að stjórnarráðið staðfesti þær reglur. Það teljum vjer varhugavert, þar sem um mat er að gera á eignum einstakra manna (8. gr.); hyggjum vjer rjett og ráðlegt að heimta staðfestingu landsstjórnarinnar á matsreglum bæjarstjórnar. Og þó svo væri, mun engu að síður vert að íhuga vandlega, hvaða *meginákvæði* þar að lútandi eigi að hafa í lögnum sjálfum. Um það fjallar nú að vísu 5. gr. En fljótt má sjá, að þar er ekki að öllu hugað. Það getur vel viljað til, ef stór skák er tekin af lóð undir torg eða veg, að þá verði sú skákin, sem eigandi heldur eftir, mjög lítils virði, svo að hver flatstíka verði nú ekki seld nema fyrir mjög lítinn hluta, $\frac{1}{3}$ eða minna, þess verðs, sem áður mátti fá, meðan lóðareignin var óskert. En á þetta er ekkert minst í 5. gr. frumvarpsins.

Af þessum ástæðum teljum vjer ráðlegast að fresta þessu máli til næsta þings til nánari íhugunar, og ieggjum til að samþykkt verði svohljóðandi

RÖKSTUDD DAGSKRÁ:

Í því trausti að ráðherra með aðstoð bæjarstjórnar í Reykjavík undirbúi og leggi fyrir næsta þing frumvarp til laga um mat á lóðum og löndum í Reykjavík, tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi 11. ágúst 1914.

Eiríkur Briem,
formaður.

G. Björnsson,
ritari og framsögum.

Karl Einarsson.